

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur nr. 3	Dagsetning:	8. desember 2020	Tími: 11:45 – 13:00
Fundarstaður:	TEAMS		
Fundarstjóri:	MH		
Ritari:	ÁB		
Á fundinum voru:	Árni Bragason (ÁB), Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Línal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 8. desember 2020

### 1. Fundargerð 3. nóvember 2020

Fundargerð stjórnar frá fundi þann 3. nóvember 2020 samþykkt.

### 2. Niðurstöður SurveyMonkey könnunar

Farið yfir niðurstöður könnunar. Ánægja með þátttökuna en rúmlega 90 forstöðumenn tóku þátt. Lítið sem kemur á óvart í niðurstöðunum, því miður. Forstöðumenn eru afskiptur hópur af hálfu atvinnurekandans. Niðurstöðurnar verða birtar á heimasíðu félagsins með skilaboðum frá stjórn auk þess sem stjórn mun kynna þær og ræða á samráðsfundi með kjara- og mannauðssýslunni.

### 3. Workplace

Á síðasta stjórnarfundum var rætt um *Workplace* og ákveðið að stjórn myndi skoða þetta áfram. Frekari umræður. Fram kom að nauðsynlegt væri fyrir félagið að taka upp eitthvert samskiptakerfi. Ákveðið var að setja upp *Workplace* fyrir félagið. Ef þátttaka þar verður léleg þá má alltaf bakka. DH tekur boltann.

### 4. Fyrirspurn um stjórnendasamtöl forstöðumanna

FFR barst fyrirspurn um tilhögun stjórnendasamtala forstöðumanna. Spurt var hvort að forstöðumenn geti farið fram á að ráðherra taki stjórnendasamtalið. Jafnframt var spurt um hvort að almennt væri gert ráð fyrir aðkomu skrifstofustjóra á fagskrifstofu viðkomandi forstöðumanns að stjórnendasamtalinu. Fyrirspurnin var send á kjara- og mannauðssýslu ríkisins og óskað afstöðu hennar. Svör KMR voru m.a. að mikilvægt væri að þessi samtöl kæmust á og að þeir sem best þekki störf innar ráðuneytis tækju samtölin. Markmiðið væri að alvöru endurgjöf ætti sér stað sem byggir á haldbærum gögnum og að um eftirfylgni og stuðning við áframhaldandi starfsþróun stjórnenda væri að ræða. Ólíklegt að pólitískur yfirmaður eins og ráðherra sem oft stoppar stutt við uppfylli kröfur um eftirfylgni.

Stjórn er sammála afstöðu KMR. Að mati stjórnar er eðlilegt, eins og þessi samtöl eru hugsuð, að það sé ráðuneytisstjóri og/eða skrifstofustjóri sem taki samtölin. Kann þó að vera mismunandi eftir ráðuneytum. Þetta eru þeir aðilar sem væntanlega best þekkja störf forstöðumanna og er í samræmi við framkvæmd sambærilegra samtala í nágrannalöndum

okkar. Það er ekki raunhæft að ráðherra taki þessi samtöl ef markmið samtalanna eiga að nást. Samtal við ráðherra er annarskonar samtal og forstöðumenn geta alltaf óskað eftir samtali við ráðherra. Þrátt fyrir allt þetta er staðreyndin sú að það er ráðherra sem tekur ákvörðun um endurskipun. Forstöðumenn sem sækjast eftir endurskipun vilja gjarnan að ráðherrann þekki hann og hans störf og því mikilvægt að það sé ekki mikil fjarlægð á milli.

Markmiðið með stjórnendasamtölum er að alvöru endurgjöf eigi sér stað. Þeir sem best þekkja störfinn innan ráðuneytanna ættu því að taka samtölin.

## 5. Erindi Skólameistarafélags Íslands

Erindi barst frá Skólameistarafélagi Íslands og spurt hvort félagið gæti tekið að sér mál fyrrum félagsmanns sem hyggst leita til umboðsmanns Alþingis vegna lífeyrisgreiðslna á árunum 1988-1995. Svar ríkisskattsstjóra liggur fyrir í málinu. Málsaðilinn er löngu kominn á eftirlaun. Að mati stjórnar heyrir erindið ekki undir félagið sbr. tilgang þess. DH hefur samband við skrifstofustjóra Skólameistarafélagsins og upplýsir um afstöðu stjórnar FFR.

## 6. Staðan á samanburðarverkefni

Sérfræðingurinn sem vinnur að verkefni fyrir FFR fékk lista frá KMR yfir störf forstöðumanna og skrifstofustjóra sem hafa verið auglýst frá árinu 2016. Við fyrstu yfirferð er ljóst að það vantar mikið á þann lista. Verður tekið upp á samráðsfundi félagsins með KMR.

## 7. Önnur mál:

- Afgreiðsla mennta- og menningarmálaráðuneytisins á tveimur málum rektora er lúta að greiðslum við starfslok. Staða málsins.
- Skipun starfsmenntunarsjóðs embættismanna. Óskuðum eftir yfirliti frá sjóðnum, ekki enn borist. Ítreka á næsta samráðsfundi með KMR. Stjórnendur sjóðsins hafa tekið vel í að endurskoða skipan stjórnar sjóðsins. Stjórn FFR telur að skoða eigi þann möguleika að fulltrúi forstöðumanna sitji í stjórn sjóðsins. Ákveðið að félagið beiti sér fyrir því að fulltrúi félagsins sitji í stjórn sjóðsins.
- Könnun KMR varðandi stjórnendamatið. Athugasemdir stjórnarmanns á framkvæmdinni. Ekki nægur undirbúningstími og niðurstöðinni nánast hent í forstöðumenn. Ef viðkomandi hefði fengið slæma útreið, þá eru þetta ekki vinnubrögð sem teljast ásættanleg. Hver og einn forstöðumaður hefði átt að fá samtal um leið og niðurstaðan var kynnt. Mörg ráðuneyti eiga eftir að fara í þetta, þarf að huga að því að það er verið að tala við fólk. Verður tekið upp á næsta samráðsfundi með KMR.